

Bæjarráð - FW: Upplýsingar í tengslum við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

Til : Hjördís Þráinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Upplýsingar í tengslum við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna
Málsnúmer : 2017050098
Málsaðili : Samband íslenskra sveitarfélaga
Skráð dags : 01.02.2018 14:40:21
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [Upplýsingar vegna samþykktar sveitarstjórnar GoG frá 24. janúar 2018 um lífeyrismál.pdf](#)
[Upplýsingar vegna samþykktar sveitarstjórnar GoG frá 24. janúar 2018 um lífeyrismál.pdf](#)
[image001.gif](#)
[image001.gif](#)

From: Karl Björnsson [mailto:karl.bjornsson@samband.is]

Sent: 1. febrúar 2018 14:32

To: Karl Björnsson

Subject: Upplýsingar í tengslum við breytingar á lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka

Vegna yfirstandandi frágangs sveitarfélaga og Brúar, lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, á uppgjöri lífeyrisskuldbindinga vegna A-deildar Brúar, í samræmi við samkomulag ríkisins, sambandsins og heildarsamtaka opinberra starfsmanna, frá 19. september 2016, og lagabreytinga í kjölfar þess, hafa mörg sveitarfélög leitað nánari upplýsinga hjá sjóðnum og sambandinu, sem reynt hafa að gefa þær eftir bestu getu.

Einnig hefur sambandinu, sem kunnugt er, borist alvarleg athugasemd frá einni sveitarstjórn vegna aðkomu þess að málinu. Um er að ræða bókun frá sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps sem rataði fjölmiðla.

Með það að markmiði að skýra málið betur en áður og koma í veg fyrir að ákveðinn misskilningur festist í sessi, svaraði ég sveitarfélaginu með meðfylgjandi erindi, dags. 31. janúar 2018. Í svarinu eru miklar upplýsingar um þróun og stöðu þessa máls, sem eiga erindi við öll sveitarfélög, svo ég hvet ykkur til að lesa það.

Það er von mín að svarbréfið varpi skýrara ljósi en áður á það uppgjör sem nú á sér stað. Gerð er grein fyrir öllum meginþáttum málsins, s.s. af hverju ekki varð hjá því komist að ráðast í þetta verkefni og hvernig til tókst, m.a. að lækka framlög sveitarfélaga vegna uppgjörins um rúmlega 30 milljarða króna þegar allt er talið, sem tengist uppgjöri lífeyrisskuldbindinga.

Ég vek sérstaka athygli á umfjöllun um upplýsingamiðlun sambandsins í þessu máli sem hefst neðarlega á bls. 3 og á mati á fjárhagslegum ávinningi sveitarfélaga í málinu, efst á bls. 5.

Ef frekari upplýsinga er þörf þá hikið ekki við að kalla eftir þeim hjá sambandinu eða hjá Brú.

Með bestu kveðju,

Karl Bj.



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri

Beint innval: 515 4910

Netfang: karl.bjornsson@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.